



**ORKUBÚ VESTFJARÐA**

***Verðskrá***  
***Dreifing og flutningur raforku***

**Gildir frá 01.03.2023**

## Efnisyfirlit

Kafli		Bls.
1	Raforkudreifing og raforkuflutningur .....	2
1.1	Þéttbýli .....	2
1.2	Dreifbýli .....	3
1.3	Þéttbýli og dreifbýli .....	4
2	Skýringar.....	5
3	Tengigjöld rafmagns í þéttbýli .....	7
4	Tengigjöld rafmagns í dreifbýli .....	9
5	Niðurgreiðslur/dreifbýlisframlag .....	12

## 1. Raforkudreifing og raforkuflutningur.

		Án vsk	Jöfnunargjald	Án vsk m. Jöfnunargj	M.vsk 24% / 11%
<b>1.1 Þéttbýli.</b>					
<b>A40T. Almenn og hitanotkun. Varstærð allt að 80A.</b>					
Fastagjald	kr/ári	22.080			27.379
Orkugjald 15% almenn notkun*	kr/kWst	7,94	0,41	8,35	10,35
Orkugjald 85% hiti*	kr/kWst	7,94	0,41	8,35	9,27
<b>A10T. Almenn notkun. Varstærð allt að 80A.</b>					
Fastagjald	kr/ári	22.080			27.379
Orkugjald , vegna allrar orku	kr/kWst	7,94	0,41	8,35	10,35
<b>C10T. Hitanotkun. Varstærð allt að 80A.</b>					
Fastagjald	kr/ári	22.080			24.509
Orkugjald , vegna allrar orku	kr/kWst	7,94	0,41	8,35	9,27
<b>A21T. Almenn notkun. Varstærð 81A - 150A.</b>					
Fastagjald	kr/ári	75.231			93.286
Orkugjald , vegna allrar orku	kr/kWst	7,24	0,41	7,65	9,49
<b>A22T. Almenn notkun. Varstærð 151A - 300A.</b>					
Fastagjald	kr/ári	255.786			317.175
Orkugjald , vegna allrar orku	kr/kWst	7,24	0,41	7,65	9,49
<b>A23T. Almenn notkun. Varstærð 301A - 500A.</b>					
Fastagjald	kr/ári	511.570			634.347
Orkugjald , vegna allrar orku	kr/kWst	7,24	0,41	7,65	9,49
<b>B10T. Afmæling.</b>					
Fastagjald	kr/ári	177.693			220.340
Aflgjald	kr/kW/ári	15.063			18.678
Orkugjald	kr/kWst	3,26	0,41	3,67	4,55
Fasviksgjald	kr/kWst/stig	1,67			2,07
<b>V10T. Ómæld smánotkun.</b>					
Fastagjald á tengistað	kr/ári	12.655			15.693
Aflgjald	kr/kW/ári	208.980	3.592	212.572	263.589
<b>A30T. Útilýsing</b>					
Aflgjald	kr/kW/ári	38.071	1.722	39.793	49.343

\* 15% notkunar ber almennan vsk 24% og 85% notkunar ber vsk fyrir rafhitun 11%

		Án vsk	Jöfnunargjald	Dreifbýlisframlag	Án vsk m/Jöfn. + Dreifb.frml	M.vsk 24% / 11%
<b>1.2 Dreifbýli</b>						
<b>A40D. Almenn og hitanotkun. Varstærð allt að 80A.</b>						
Fastagjald	kr/ári	41.952		-15.426	26.526	32.892
Orkugjald 15% almenn notkun*	kr/kWst	15,09	0,41	-5,55	9,95	12,34
Orkugjald 85% hiti*	kr/kWst	15,09	0,41	-5,55	9,95	11,04
<b>A10D. Almenn notkun. Varstærð allt að 80A, nema í Flatey allt að 16A</b>						
Fastagjald	kr/ári	41.952		-15.426	26.526	32.892
Orkugjald , vegna allrar orku	kr/kWst	15,09	0,41	-5,55	9,95	12,34
<b>A10D F. Almenn notkun. Varstærð 17A að 35A í Flatey.</b>						
Fastagjald	kr/ári	83.904		-30.852	53.052	65.784
Orkugjald , vegna allrar orku	kr/kWst	15,09	0,41	-5,55	9,95	12,34
<b>C10D. Hitanotkun. Varstærð allt að 80A.</b>						
Fastagjald	kr/ári	41.952		-15.426	26.526	29.444
Orkugjald , vegna allrar orku	kr/kWst	15,09	0,41	-5,55	9,95	11,04
<b>A21D. Almenn notkun. Varstærð 81A - 150A.</b>						
Fastagjald	kr/ári	142.938		-52.558	90.380	112.072
Orkugjald , vegna allrar orku	kr/kWst	13,76	0,41	-5,06	9,11	11,30
<b>A22D. Almenn notkun. Varstærð 151A - 300A.</b>						
Fastagjald	kr/ári	485.994		-178.700	307.294	381.044
Orkugjald , vegna allrar orku	kr/kWst	13,76	0,41	-5,06	9,11	11,30
<b>D22D. Hita notkun. Varstærð 151A - 300A.</b>						
Fastagjald	kr/ári	485.994		-178.700	307.294	341.096
Orkugjald , vegna allrar orku	kr/kWst	13,76	0,41	-5,06	9,11	10,11
<b>A23D. Almenn notkun. Varstærð 300A - 500A.</b>						
Fastagjald	kr/ári	971.983		-357.398	614.585	762.086
Orkugjald , vegna allrar orku	kr/kWst	13,76	0,41	-5,06	9,11	11,30
<b>B10D. Aflmæling.</b>						
Fastagjald	kr/ári	337.617		-124.142	213.475	264.709
Aflgjald	kr/kW/ári	28.620		-10.523	18.097	22.440
Orkugjald	kr/kWst	6,19	0,41	-2,28	4,32	5,36
Fasviksgjald	kr/kWst/stig	1,98			1,98	2,46
<b>V10D. Ómæld smánotkun.</b>						
Fastagjald á tengistað	kr/ári	24.045		-8.841	15.204	18.853
Aflgjald	kr/kW/ári	397.062	3.592	-146.000	254.654	315.771
<b>A30D. Útilýsing</b>						
Aflgjald	kr/kW/ári	72.335	1.722	-26.598	47.459	58.849

\* 15% notkunar ber almennan vsk 24% og 85% notkunar ber vsk fyrir rafhitun 11%

		Án vsk	Jöfnunargjald	M.vsk 24%	M.vsk 11%
<b>1.3 Þéttbýli og dreifbýli</b>					
<b>D40 og D48 D/T. Skerðanleg orka undir 1 MW (innan afltopps).</b>					
Fastagjald	kr/ári	380.996		472.435	422.905
Orkugjald	kr/kWst	5,74	0,41	7,63	6,83
<b>D41 og D50 D/T. Skerðanleg orka yfir 1 MW (utan afltopps). Nýting &gt; 4.500</b>					
Fastagjald	kr/ári	380.996		472.435	422.905
Orkugjald	kr/kWst	2,93	0,13	3,79	3,40
<b>D42 og D49 D/T. Skerðanleg orka yfir 1 MW (utan afltopps). Nýting &lt; 4.500</b>					
Fastagjald	kr/ári	380.996		472.435	422.905
Orkugjald	kr/kWst	4,01	0,13	5,13	4,60
<b>AXX. Mælaleiga.</b>					
Fjarmælir	kr/ári	54.464		67.536	
<b>RI10. Vanskilainnheimta.</b>					
Innheimtugjald	kr/bréf	Skv. Verðskrá Motus			
<b>RI20. Veita opnuð eftir lokun.</b>					
Á dagvinnutíma	kr/opnun	14.627		18.137	
Utan dagvinnutíma	kr/opnun	29.250		36.270	
<b>RP10. Mælaálestur.</b>					
Aukaálestur	kr/álestur	7.314		9.069	
<b>RP20. Viðhald götulýsingar.</b>					
Viðhaldsgjald	kr/kW/ári	59.912		74.290	
<b>RP30. Útkall.</b>					
Útkall á vinnutíma	kr/útkall	17.513		21.716	
Útkall utan vinnutíma	kr/útkall	35.025		43.431	

## 2. Skýringar.

### 1. Straumgildi. (A=Amper)

Leyfilegar varstærðir að mæli viðskiptavinar ákvarða taxa. Í taxaheiti er tilgreind varstærð fyrir þriggja fasa mæli, en varstærð fyrir einfasa mæli skal taka mið af samsvarandi afli. Sé viðskiptavinur með varstærð yfir 500A verður hann að vera á aftaxta.

### 2. Aflgjald.

Reiknast af sölutoppi ársins. Í hverjum mánuði er fundinn hæsti 60 mínútna meðaltoppur. Sölutoppur ársins er meðaltal af 4 hæstu mánaðartoppunum. Sölutoppur ársins verður þó aldrei lægri en 15 kW

### 3. Götulýsing.

O.V. sér um uppsetningu götulýsingar samkvæmt ósk viðskiptavinar, sem greiðir allan stofnkostnað.

O.V. tekur að sér allt eðlilegt viðhald götulýsingar gegn greiðslu viðhaldsgjalds í verðskrá. Götulýsingu er stýrt af O.V. eftir dagsbirtu. (1KW u.þ.b. 4.200 kwst/ári).

### 4. Fasvik.

Falli meðalfasviksstuðull í tilteknum mánuði, á tíma-bilinu frá og með 1. október til 1. maí, niður fyrir 0,9 er heimilt fyrir þann mánuð að innheimta viðbótarorkugjald fyrir hvert hundraðshlutastig eða meirihluta úr stigi, sem meðalfasviksstuðullinn fer niður fyrir 0,9. Þetta viðbótarorkugjald kallast fasviksgjald og reiknast af hverri kWst. ( Ef meðalfasviksstuðull mánaðar er F og er minni en 0,9 og orkukaup mánaðarins eru E kWst er kostnaður vegna fasviks (K) í þeim mánuði sem hér segir:  $K=(0,9-F) \times 100 \times 0,13 \times E$  .)

### 5. Ótryggð orka.

Ótryggð orka er seld samkvæmt sérsamningum, sem gerðir voru fyrir 31.12.2004, og er bundin sérstökum skilmálum, meðal annars um fulla heimild til rofs. Reynist orkutöp vegna ótryggðrar orku vera umfram 2% á taxa D41T og umfram 6% á taxa D42T er dreifiveitunni heimilt að innheimta raunkostnað hjá notanda vegna tapa umfram þessi mörk.

### 6. Leigutaxtar.

Viðskiptavinir dreifiveitunnar geta leigt mælitæki til innra uppgjörs og fjarmæliliða til að nálgast mæligögn til eigin nota. Uppsetning tækjanna er innifalinn í leigunni.

### 7. Innheimtugjald.

Gjald til greiðslu kostnaðar við vanskilainnheimtu og er lagt á við útsendingu innheimtubrúfs.

### 8. Veita opnuð eftir lokun.

Gjöld vegna kostnaðar við lokun og opnun veitu vegna vanskila. Söluþyrirtæki raforku sem óskar eftir lokun og opnun skal greiða fyrir þessa þjónustu.

### 9. Virðisaukaskattur (vsk) og niðurgreiðslur.

Samkvæmt gildandi lögum og reglum á hverjum tíma.

### 10. Heimtaugar

Heimtaugar eru í eigu OV, en með greiðslu tengigjalda öðlast notandi aðgang að dreifikerfi OV.

Tengigjöld skulu greidd áður en framkvæmd hefst. Föst tengigjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru því aðeins í gildi að eðlileg lagnaleið sé fyrir hendi.

Með heimtaugarumsókn þarf að fylgja uppdráttur af lóðum svæðisins í mælikvarða 1:500 til 1:2000, staðfestur af Skipulagsstofnun, ásamt landnúmerum viðkomandi lóða. Á staðfestum uppdrætti skulu koma fram akbrautir, stígar, stærð lóða og staðsetning húsa á lóðum.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar, ómældar smáheimtaugar sem einkanlega eru ætlaðar fyrir mælitæki og aðra smánotkun og bráðabirgðaheimtaugar til tímabundinna nota.

Lega heimtaugar frá lágspennudreifikerfi skal ákveðin í samráði við OV, en umsækjandi sér um gröft fyrir heimtaug innan sinna lóðarmarka og annast frágang í samræmi við Tæknilega tengiskilmála raforkudreifingar, TTR, grein 4.1.2. Þar sem ekki er um búsetu eða reglulega starfsemi að ræða er mælir settur í mælakassa utandyra.

Orkubúið leggur til mælakassa og skal rafverktaki annast uppsetningu og tengingu á kostnað húseiganda.

Frágangur rafmagnsheimtauga skal vera samkvæmt Tæknilegum tengiskilmálum raforkudreifingar, TTR.

Í þessari verðskrá teljast til þéttbýlis þeir staðir sem skilgreindir eru sem þéttbýli á grundvelli reglugerðar um framkvæmd raforkulaga. Í þessari verðskrá teljast til byggðakjarna skipulögð hverfi með samfelldri byggð og frágengnu gatnakerfi þar sem fjarlægð milli húsa fer ekki að hámarki yfir 100 metra og íbúatalan er yfir 50 miðað við skrá Hagstofu Íslands um síðastliðin áramót. Nýir byggðakjarnar sem eru að myndast greiða tengigjald samkvæmt dreifbýlisgjaldskrá þar til ofangreindum skilyrðum er fullnægt.

Gjald fyrir heimtaug er háð stærð hennar. Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

OV gerir skriflegt tilboð um tengigjald fyrir heimtaugar stærri en 315 A. Gjald fyrir breytingar á heimtaugum, aðrar en um getur í verðskrá þessari, er samkvæmt skriflegu tilboði.

Einungis er afgreidd ein heimtaug í hvert hús samanber TTR 4.1.7. Heimtaugagjald miðast við að heimtaug tengist ýmist í stofnvarskassa, stofntengibox, mælakassa eða beint í aðaltöflu samanber TTR 4.1.14

Viðbótarmælar eru eingöngu settir upp í fjöleignarhúsum, sjá gr. 3.4 og 4.6.

### 3. Tengijöld rafmagns í þéttbýli.

Öll verð eru með virðisaukaskatti.

#### 1. Grunnverð aðalheimtaugar

Málstraumur		Grunnverð		Yfirlengdarverð	
63	A	251.338	kr	2.394	kr/m
100	A	373.366	kr	3.555	kr/m
200	A	783.158	kr	7.459	kr/m
315	A	1.227.555	kr	11.691	kr/m

Grunnverð bráðabirgðaheimtaugar:

Málstraumur		Grunnverð	
≤ 63	A	55.366	Kr
100	A	80.136	kr
200	A	131.133	kr

Innifalið í grunnverði bráðabirgðaheimtaugar er kostnaður við uppsetningu mælis og spennusetningu veitunnar. Annar kostnaður við framkvæmd verks greiðist samkvæmt skriflegu tilboði. Tilboð skal miða við aðstæður hverju sinni auk þess að innihalda gjald vegna endurkomu. Heimilt er að innheimta leigu fyrir endurkræft efni. Bráðabirgðaheimtaugar skulu að jafnaði aflagðar innan 12 mánaða frá tengingu þeirra. Grunnverð miðast við ársnotkun og endurnýjast við hvert byrjað ár frá tengingu heimtaugar.

Annar mögulegur kostnaður :

- a) Yfirlengd lágspennu sjá gr. 2
- b) Ómæld smáheimtaug **86.656 kr.** sjá gr. 3
- c) Viðbótarmælir **43.327 kr.** sjá gr. 4
- d) Stækkun heimtaugar sjá gr. 5
  
- e) Spennistöð fyrir einn notanda sjá gr. 6
- f) Endurkoma **31.326 kr.** sjá gr. 7
- g) Breyting á heimtaug sjá gr. 8
- h) Endurtenging sjá gr. 9
- i) Aukakostnaður og frávik sjá gr. 10

#### 2. Yfirlengd lágspennu

Yfirlengd reiknast af jarðstrengsheimtaug, sem er lengri en 25 m í lóð. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðamörkum við götu, stystu greiðfæru leið að móttökustað. Teljist hagkvæmara að hafa varkassa á innvegg skal leita samþykkis Orkubúsins um gerð og frágang pípu, sem heimtaugarstrengurinn verður dreginn í. Af jarðstrengsheimtaug með flutningsgetu 200-315A greiðist yfirlengdargjald af vegalengd frá stofnvarkassa að rofa í dreifistöð að frádregnum 25 m í lóð. Af vegalengd umfram 125 m í götu greiðist ekki yfirlengdargjald.



### 3. Ómæld smáheimtaug

Verð fyrir ómælda smáheimtaug frá götugreiniskáp [uppsett afl allt að 0,5 kW] er **86.656 kr** og innifalin er tengivinna í götugreiniskáp ásamt tengibúnaði og allt að 10 m af jarðstreng fyrir hvern tengistað. Fyrir streng umfram 10 m greiðast **2.336 kr/m**. Hvort heimtaug flokkist sem ómæld smáheimtaug er háð mati OV.

### 4. Viðbótarmælar

Fyrir uppsetningu viðbótarmælis, fyrir aðra mælingu og/eða annan notanda á sömu heimtaug, greiðast **43.327 kr** fyrir hvern mæli. Aðeins réttthafi heimtaugar getur óskað eftir viðbótarmæli og skulu allir mælar á sömu heimtaug vera í aðaltöflu. Viðbótarmæli er ekki heimilt að setja upp fyrir notkun utan lóðar heimtaugarhafa.

### 5. Stækkun heimtaugar

Þegar heimtaug er stækkuð skal greiða grunnverð nýrrar heimtaugar. Ef ekki þarf að fara í kostnaðarsamar aðgerðir vegna stækkunarinnar má draga fyrra grunnverð frá, samkvæmt gildandi verðskrá, að hluta eða öllu leiti. Auk þess skal greiða fast gjald **43.327 kr**.

### 6. Spennistöð

Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja spennistöð að mestu eða öllu leyti, fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi Orkubúsins, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum hverju sinni. Þegar lóð er lögð til, er það gert Orkubúinu að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum þess um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði fyrir spennistöð er lagt til, t.d. innan þess húsrýmis er umsækjandi hefur til umráða skal staðsetning þess ákveðin með samþykki Orkubúsins í hverju tilviki og skal húsnæðisaðstaðan fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Ganga skal frá skriflegum samningi um húsnæðið.

### 7. Endurkoma

Þurfi að hverfa frá við tengingu heimtaugar vegna ófullnægjandi frágangs umsækjanda, eða koma aftur vegna færslu heimtaugar á endanlegan stað, greiðast **31.326 kr** fyrir hverja endurkomu.

### 8. Breyting á heimtaug

Breytingar á heimtaug að ósk notanda eru alfarið á hans kostnað.

### 9. Endurtenging

Sé ný veita ekki tekin í notkun, eða veitu lokað í 6 mánuði eða lengur, má búast við aftengingu heimtaugar. Hafi heimtaug verið aftengd í a.m.k. 5 ár, telst hún aflögð og þarf að greiða fullt tengigjald hefjist notkun að nýju. Fyrir skemmri tíma greiðist fastagjald, samkvæmt almennum taxta A10T, fyrir þann tíma sem liðinn er frá aftengingu, auk **43.327 kr** fasts gjalds.

### 10. Aukakostnaður og frávik

Sé heimtaug lögð að ósk notanda þar sem lagnaskilyrði eru erfið, eða þar sem varanlegri gatnagerð er ólokið, getur OV krafist greiðslu vegna viðbótarkostnaðar sem af hlýst. Við mjög sérstakar og erfiðar aðstæður er OV heimilt að víkja frá verðskrá og vinna samkvæmt föstu verðtilboði.

## 4. Tengigjöld rafmagns í dreifbýli.

Öll verð eru með virðisaukaskatti.

### 1. Grunnverð heimtaugar:

Málstraumur		Grunnverð	
35	A	436.216	kr
63	A	544.904	kr
100	A	700.589	kr
200	A	1.089.806	kr
315	A	1.556.865	kr

Flatey 16 A 552.247 kr. 2.387 kr/m yfirlengd

Flatey 35 A 675.947 kr. 2.387 kr/m yfirlengd

Annar mögulegur kostnaður:

- a) Yfirlengd lágspennu **2.336 kr/m** sjá gr. 2
- b) Aðgangur að spennistöð **675.621 kr.** sjá gr. 3)
- c) Ný háspennulögn til og með 1.000 m **2.901 kr/m** sjá gr. 4)
- d) Ný háspennulögn yfir 1.000 m sjá gr. 5)
- e) Viðbótarmælir **43.327 kr.** sjá gr. 6)
- f) Ómæld smáheimtaug **86.656 kr.** sjá gr. 7)
- g) Stækkun heimtaugar sjá gr. 8)
- h) Endurkoma **31.326 kr.** sjá gr. 9)
- i) Breyting á heimtaug sjá gr. 10)
- j) Þrífösun heimtaugar sjá gr. 11)
- k) Þrífösun háspennulagnar sjá gr. 12)
- l) Endurtenging heimtaugar sjá gr. 13)
- m) Aukakostnaður og frávik sjá gr. 14)

Verð aðalheimtaugar er háð stærð heimtaugar. Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu. Um er að ræða einfasa eða þrífasa heimtaugar, háð gerð fyrirbyggjandi háspennudreifikerfis. Ef um er að ræða þriggja fasa dreifikerfi eru að jafnaði afgreiddar þriggja fasa heimtaugar, en að öðrum kosti veljast amperstærðir miðað við sambærilega aflgetu heimtaugar.

### 2. Yfirlengd lágspennu

Fari meðallengd heimtauga og lágspennudreifikerfis þeirra er tengjast samtímis á spennistöð yfir 200 m, skal greiða fyrir yfirlengd. Verð fyrir hvern metra á bilinu 200 m til 400 m, er **2.336 kr.** Að jafnaði skal lágspennukerfi notanda ekki fara yfir 400 m.

### 3. Aðgangur að spennistöð

Verð fyrir aðgang að spennistöð er **675.621 kr.** Staðsetning nýrrar spennistöðvar er ákveðin af OV í samráði við landeiganda.

Kostnaður þessi deilist á þann fjölda heimtauga sem tengjast spennistöðinni. Bætist við ný heimtaug, innan 15 mánaða frá spennusetningu veitu, reiknast hún til stofnkostnaðar og kemur sem lækkun til

greiðenda. Aðrar heimtaugar, sem tengjast inn á kerfið, eftir 15 mánuði frá spennusetningu veitu, reiknast ekki til lækkunar stofnkostnaðar.

Verð fyrir aðgang að spennistöð kemur til viðbótar grunnverði heimtaugar samkvæmt gr. 1)

#### **4. Ný háspennulögn til og með 1.000 m**

Fyrir háspennulögn til og með 1.000 m greiðist hlutdeild í kostnaði háspennulagnar **2.901 kr/m**.

Sjái OV sér hag í að nýta lögnina fyrir eigið dreifikerfi, en myndi ekki ráðast í framkvæmdir strax nema að frumkvæði umsækjanda má lækka hlutdeild umsækjanda í þessum kostnaði háspennulagnar niður um helming.

Kostnaður þessi deilist á þann fjölda heimtauga sem tengjast í upphafi. Bætist við ný heimtaug, innan 15 mánaða frá spennusetningu veitu, reiknast hún til stofnkostnaðar og kemur sem lækkun til greiðenda í upphafi. Aðrar heimtaugar, sem tengjast inn á kerfið, eftir 15 mánuði frá spennusetningu veitu, reiknast ekki til lækkunar stofnkostnaðar.

#### **5. Ný háspennulögn yfir 1.000 m**

Fyrir lengri lagnir en 1.000 m greiðist samkvæmt tilboði.

Hafi notandi greitt fyrir nýja háspennulögn samkvæmt tilboði skal eftirfarandi gilda, hafi ekki um annað verið samið sérstaklega:

Tengist nýir notendur viðkomandi kerfi, innan 10 ára frá verklokum, skulu þeir taka þátt í kostnaði og á þá sá sem upphaflega greiddi rétt á endurgreiðslu frá OV þannig að kostnaði sé jafnað á milli notenda miðað við afskrifað verð þannig að kostnaðarhlutdeild og endurkröfuréttur lækki árlega um 10% af stofnverði og falli niður að 10 árum liðnum frá verklokum.

#### **6. Viðbótarmælar**

Fyrir uppsetningu viðbótarmælis, fyrir aðra mælingu og/eða annan notanda á sömu heimtaug, greiðast **43.327 kr** fyrir hvern mæli. Aðeins réttthafi heimtaugar getur óskað eftir viðbótarmæli og skulu allir mælar á sömu heimtaug vera í aðaltöflu eða mælakassa utandyra. Viðbótarmæli er ekki heimilt að setja upp fyrir notkun utan lóðar heimtaugarhafa.

#### **7. Ómældar smáheimtaugar**

Verð fyrir ómælda smáheimtaug frá götugreiniskáp [uppsett afl allt að 0,5 kW] er **86.656 kr** og innifalin er tengivinna í götugreiniskáp ásamt tengibúnaði og allt að 10 m af jarðstreng fyrir hvern tengistað. Fyrir streng umfram 10 m greiðast **2.336 kr/m**. Hvort heimtaug flokkist sem ómæld smáheimtaug er háð mati OV.

#### **8. Stækkun heimtaugar**

Þegar heimtaug er stækkuð skal greiða grunnverð nýrrar heimtaugar. Ef ekki þarf að fara í kostnaðarsamar aðgerðir vegna stækkunarinnar má draga fyrra grunnverð frá, samkvæmt gildandi verðskrá, að hluta eða öllu leiti. Auk þess skal greiða fast gjald **43.327 kr**.

#### **9. Endurkoma**

Þurfi að hverfa frá við tengingu heimtaugar vegna ófullnægjandi frágangs umsækjanda, eða koma aftur vegna færslu heimtaugar á endanlegan stað, greiðast **31.326 kr**.

#### **10. Breyting á heimtaug**

Breytingar á heimtaug að ósk notanda eru alfarið á hans kostnað.

#### **11. Þrífösun heimtaugar**

Verð fyrir þrífösun heimtaugar, að ósk notanda, er **359.843 kr** vegna spennistöðvar, þar sem skipta þarf um spennu, auk **43.327 kr** á hverja heimtaug. Verð spennistöðvar deilist á þann fjölda heimtauga sem eru þrífasaðar samtímis.

Fyrir þrífösun heimtaugar, þar sem þrífasa spennir er til staðar, greiðast **94.589 kr**. Þrífösun

samhliða endurnýjun dreifikerfisins er án gjalds, enda sé notandi tilbúin að taka við þriggja fasa rafmagn samtímis því að endurnýjun fer fram. Notandi sér þá til þess á sinn kostnað að húsveitan sé tilbúin fyrir þriggja fasa rafmagn. Notanda ber að tryggja sem jafnast álag á fasa.

## 12. Þrífösun háspennulagnar

Sé þriggja fasa háspennulögn ekki fyrir hendi, en viðskiptavinur óskar eftir að flýta endurnýjun vegna þarfar fyrir þriggja fasa rafmagn, greiðir umsækjandi flýttikostnað **1.451 kr/m**, enda sjái OV sér hag í bættu dreifikerfi, en myndi ekki ráðast í framkvæmdir strax nema að frumkvæði umsækjanda. Að öðrum kosti greiðir umsækjandi framkvæmdina að fullu.

## 13. Endurtenging

Sé veitu lokað um lengri tíma en 6 mánuði má búast við aftengingu heimtaugar. Hafi heimtaug verið aftengd í a.m.k. 5 ár, telst hún aflögð og þarf að greiða fullt tengigjald hefjist notkun að nýju. Fyrir skemmri tíma greiðist fastagjald, samkvæmt almennum taxta A10D, fyrir þann tíma sem liðinn er frá aftengingu, auk **43.327 kr** fasts gjalds.

## 14. Aukakostnaður og frávik

Sé heimtaug lögð að ósk notanda þar sem lagnaskilyrði eru erfið, getur OV krafist greiðslu vegna viðbótarkostnaðar sem af hlýst. Við mjög sérstakar og erfiðar aðstæður er OV heimilt að víkja frá verðskrá og vinna samkvæmt föstu verðtilboði.

## 15. Eftirlit

Umsækjandi heimtaugar skal í samráði við OV tryggja heimild landeiganda til lagningar dreifikerfis sem og allan eðlilegan umgengisrétt til eftirlits, rekstrar og viðhalds kerfisins.

### Orkubú Vestfjarða - Bráðabirgðaheimtaugar

#### 1) Grunnverð - tengigjald:

Málstraumur		Grunnverð	
≤ 63	A	<b>77.845</b>	kr
80	A	<b>101.342</b>	kr
100	A	<b>124.845</b>	kr
125	A	<b>155.686</b>	kr
160	A	<b>233.528</b>	kr

Innifalið í grunnverði bráðabirgðaheimtaugar er kostnaður við uppsetningu mælis og spennusetningu veitunnar. Annar kostnaður við framkvæmd verks greiðist samkvæmt skriflegu tilboði. Tilboð skal miða við aðstæður hverju sinni auk þess að innihalda gjald vegna endurkomu. Heimilt er að innheimta leigu fyrir endurkræft efni. Bráðabirgðaheimtaugar skulu að jafnaði aflagðar innan 12 mánaða frá tengingu þeirra. Grunnverð miðast við ársnotkun og endurnýjast við hvert byrjað ár frá tengingu heimtaugar.

## 5. Niðurgreiðslur/dreifbýlisframlag.

### 1. Niðurgreiðslur vegna hitunar íbúðarhúsnæðis.

Kostnaður við dreifingu orku til hitunar íbúðarhúsnæðis er greidd niður samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðherra hverju sinni. Greiddar eru niður allt að 40.000 kílówattstundir á ári fyrir hverja íbúð þar sem föst búseta er. Sækja þarf um niðurgreiðslur til Orkustofnunar [www.os.is](http://www.os.is). Dreifing raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis í dreifbýli er greidd niður um 9,54 kr/kWh og í þéttbýli niður um 7,94 kr/kWh, kemur þetta fé úr ríkissjóði.

### 2. Dreifbýlisframlag vegna dreifingar raforku í dreifbýli .

Kostnaður vegna dreifingar raforku í dreifbýli er greiddur niður um 33,77% og kemur þetta fé úr ríkissjóði og er nefnt dreifbýlisframlag.

### 3. Umsókn um niðurgreiðslur.

Samkvæmt lögum um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar nr. 78/2002 og lögum um breytingu á lögum nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, nr. 58/2004 þurfa allir notendur sem vilja njóta niðurgreiðslu að sækja um það sérstaklega til Orkustofnunar sem hefur eftirlit með framkvæmd laganna.

Eigandi íbúðarhúsnæðis sem ekki hefur kost á fullri hitun með jarðvarma getur sótt um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar til Orkustofnunar sem metur á grundvelli umsóknar hvort skilyrði laga þessara fyrir niðurgreiðslum sbr. 4. grein séu uppfyllt. Sækja má um niðurgreiðslu með eftirtöldum leiðum:

- Fylla út umsókn á heimasíðu Orkustofnunar [www.os.is](http://www.os.is) og senda rafrænt til hennar.
- Fylla út eyðublað á pappírformi og senda í pósti til Orkustofnunar, Grensásvegi 9, 108 Reykjavík. Orkustofnun sendir eyðublaðið til þeirra sem þess óska.

Orkustofnun veitir fúslega nánari upplýsingar um niðurgreiðslulögin og aðstoðar íbúðareigendur við umsóknina eins og kostur er. Hringja má í síma 569 6000 eða senda tölvupóst á netfangið [nidurgreidslur@os.is](mailto:nidurgreidslur@os.is).